



Hörgársveit

Hörgársveit – lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti þann 30. apríl 2019 að kynna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 fyrir almenningi á grundvelli 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Alls er um nokkrar aðskildar breytingar á aðalskipulagi að ræða og taka þær til eftirtalinna efnisflokka:

- Vatnstökustaðir fyrir brunavarnir
- Breytt landnotkun
- Almennir skilmálar um stöðuleyfi, auglýsingarskilti, byggingarheimildir á landbúnaðarlandi og byggingarskilmálar á lóðum í dreifbýli
- Flokkun landbúnaðarlands
- Lega þjóðvegur 1 í Kræklingahlíð
- Íbúaspá
- Stofnæð fráveitu við Lónsbakkahverfi

Lýsingin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá 9. september til 30. september 2019. Lýsingin verður einnig aðgengileg á vef sveitarfélagsins á slóðinni horgarsveit.is. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er þannig gefinn kostur á að kynna sér lýsinguna og gera athugasemd við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla 601 Akureyri, eða til skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins á netfangið vigfus@sbe.is í síðasta lagi þann 30. september 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi